

Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs

30. fundur 4. okt. 2005

Fundur var haldinn í stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs þriðjudaginn 4. október 2005 í húsakynnum safnsins að Hamraborg 1, 3. hæð, og hófst kl. 17.00.

Fundinn sátu stjórnarmennirnir Hilmar Björgvinsson formaður, Gylfi Gröndal og Hjörtur Pálsson og Björn Þorsteinsson sviðsstjóri sem var gestur fundarins. Formaður setti fund sem hann hafði undirbúið ásamt Kristínu Þorgeirsdóttur og bauð Björn velkominn, en síðan var gengið til dagskrár sem var sem hér segir:

1. Starfsmannamál.
2. Norrænn skjaladagur.
3. Önnur mál

1. *Starfsmannamál.*

Formaður skýrði frá því að frá því að síðasti fundur var haldinn hefði Leo Ingason héraðsskjalavörður látið af störfum vegna heilsubrests. Björn Þorsteinsson, sem stjórnin hafði óskað eftir fundi með (sbr. 29. fg., 5.l.b.), kvað starfslokasamning hafa verið gerðan við Leo og ákveðið hefði verið að auglýsa starf héraðsskjalavardar Kópavogs laust til umsóknar. Ákveðið var að náð samstarf yrði haft við stjórn safnsins um málið, m.a. vegna viðtala við umsækjendur.

Stjórn Héraðsskjalasafnsins þakkar Leo Ingasyni samstarfið og brautryðjandastarf í skjalavörslu í þágu Kópavogsbæjar um langt skeið og ákvað að sýna honum síðar virðingar- og þakklætisvott vegna þessa við tækifæri..

2. *Norrænn skjaladagur.*

verður haldinn 20. nóvember (sbr. 29. fg., 5. l.) . Kristín Þorgeirsdóttir er í nefnd sem er að undirbúa daginn og fylgist því vel með þessu fyrir hönd safnsins. Samþykkt var að láta nægja að þessu sinni að setja upp skjöl og myndir skv. "tema" dagsins á "link" Þjóðskjalasafns í Kópavog, en bíða með að tjalda stærra eins og mál standa nú.

2. *Önnur mál*

Vefur safnsins verður lokaður um sinn í þessu millibilsástandi.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 18.30.

Hilmar Björgvinsson
formaður

Hjörtur Pálsson
ritari

Gylfi Gröndal
meðstjórnandi